

L Ö G

um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vinna skal að heftingu landbrots og hindra önnur spjöll á nytjalandi af völdum vatna með fyrirhleðslum og lagfæringum á árfarvegum, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Í hverri sýslu skal starfa matsnefnd skipuð fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Vegagerðar ríkisins.

Matsnefndir skulu fylgjast með landbroti og hættu á landspjöllum af völdum vatna. Þær skulu taka við erindum frá landeigendum, sem telja nytjalönd sín eyðast eða vera í yfirvofandi hættu af þessum sökum.

Matsnefndir skulu semja álitserð um varnarframkvæmdir samkvæmt 1. gr. fyrir 1. maí ár hvert. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður við fyrirhleðslur og aðrar lagfæringar á árfarvegum í sýslunni fyrir næsta ár eða fleiri, ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Enn fremur sé gefin stutt lýsing á tilhögun fyrirhugaðra framkvæmda á hverjum stað.

Álitserðina skal matsnefnd senda til landbúnaðarráðuneytisins, en afrit af henni til Vegagerðar ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, búnaðarsambands sýslunnar og þeirra landeigenda, sem hlut eiga að máli.

3. gr.

Vegagerð ríkisins skal annast verkfræðilegan undirbúning, þegar um meiri háttar framkvæmdir er að ræða samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Í því skyni skal hún, þegar við verður komið, afla sér sérhæfðra starfskrafta á þessu sviði svo og til að gera vatnafræðilegar athuganir á því, hvornig heppilegast er að vinna gegn ágangi vatna.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir $\frac{7}{8}$ hluta kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir samkvæmt því, sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Landeigendur, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu eða landsnyttjum, greiða $\frac{1}{8}$ hluta, sem skiptist á milli þeirra að tiltölu við það, hvers virði hagurinn verður hverjum þeirra talinn. Verði ekki samkomulag um skiptingu á kostnaðarhluta landeigenda, skera matsnefndir úr. Ef ágreiningur verður innan matsnefndar, skipar ráðherra oddamann og ræður þá afl atkvæða niðurstöðu. Framkvæmdum má fresta, ef ekki er samkomulag um þær eða kostnaðarskiptingu milli landeigenda.

5. gr.

Nú þarf með fyrirhleðslum eða á annan hátt að stöðva landbrot, sem stofnar opinberum mannvirkjum, svo sem vegum, í hættu, og greiðir ríkissjóður þá allan kostnað, enda þótt í landi einstaklinga sé. Á sama hátt greiðir ríkissjóður að fullu kostnað við framkvæmdir, sem vinna þarf til þess að hindra landbrot eða ágang vatns, sem hefst vegna aðgerða opinberra aðila, t. d. þar sem þrengt er að ám við vega- og brúargerðir, straumrennsli breytist vegna efnistöku úr árfarvegi o. s. frv.

6. gr.

Þar sem framkvæmdir samkv. lögum þessum kunna að snerta veiði eða fiskræktarmöguleika í viðkomandi vatni, er skylt að kynna framkvæmdaáætlanir fyrir stjórn viðkomandi veiðifélags, þannig að þeim gefist kostur á að gefa um þær um-sögn.

7. gr.

Nú telur matsnefnd, að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir, vegna yfirvofandi skemmda á nytjalandi, og skal það þá heimilt, enda komi samþykki landbúnaðarráðuneytisins til. Framlög til slíkra framkvæmda skulu njóta forgangs á fjárlögum næsta árs.

8. gr.

Vegagerð ríkisins sér um byggingu og viðhald mannvirkja samkvæmt fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni. Vegagerðin skal og annast greiðslu á hluta ríkisins af framkvæmdakostnaði, að því marki, sem fjárlög heimila.

9. gr.

Bætur fyrir landspjöll vegna framkvæmda, t. d. ef vatni er veitt á land annars manns, skal telja með kostnaði við verkið. Bætur skal ákveða með mati eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, ef eigi semur.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 26. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Jafnan skal setja eftirgreind skilyrði fyrir framsali:

1. Að hinn framseldi maður verði ekki án samþykkis dómsmálaráðuneytisins, sbr. 17. gr., framseldur áfram til neins annars ríkis fyrir refsiverðan verknað, framinn fyrir framsalið.